



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29.5.2019  
Tilvísun: 201905-0018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, með síðari breytingum (skatthlutfall), 826. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, með síðari breytingum (skatthlutfall), 826. mál.

Með frumvarpinu er lögð til lækkun á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki í þrepum úr 0,376% í 0,145% á árunum 2020-2023. Fyrirhugaðar breytingar munu lækka tekjur ríkissjóðs um tæpa 8 milljarða á ársgrundvelli þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda á árinu 2023. Markmið frumvarpsins er samkvæmt meðfylgjandi greinargerð að stuðla að skilvirkni í fjármálakerfinu með það að markmiði að lækka kostnað neytenda og er breytingin talin geta liðkað fyrir lækkun útlánavaxta og hækkun innlánsvaxta til hagsbóta fyrir almenning.

Í ljósi versnandi afkomu ríkissjóðs telur ASÍ rétt að endurskoða áform um lækkun sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki til að veikja ekki getu ríkissjóðs til þess að standa undir heilbrigðis- og velferðarþjónustunni og tryggja uppbyggingu nauðsynlegra samfélagsinnviða.

Þá telur ASÍ óljóst með hvaða hætti tryggja eigi að markmið frumvarpsins, um að lækkun bankaskattsins skili sér í lægri kostnaði neytenda og minni vaxtamun hjá fjármálafyrirtækjum, náí fram að ganga.

Í skýrslu Gylfa Zoega um stöðu efnahagsmála sem unnin var að beiðni stjórnvalda í aðdraganda kjarasamninga sl. haust er bent á að bankar sem njóti fákeppnisstöðu geta í skjóli hennar haft meiri vaxtamun og hærri þjónustugjöld en bankar sem búa við meiri samkeppni. Þá er í skýrslunni bent á að íslenskt bankakerfi virðist dýrara í rekstri en sambærilegir bankar



annars staðar á Norðurlöndunum og að fyllsta ástæða sé til þess að samkeppnisyfirvöld rannsaki þau kjör sem almenningi býðst hjá viðskiptaböndunum hér á landi og grípi til aðgerða ef í ljós komi að samkeppni sé áfátt.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir afkomu heimilanna að þau fái bestu mögulegu kjör í viðskiptum sínum við fjármálastofnanir. ASÍ telur því rétt að stjórnvöld taki mið af þessum ábendingum og láti framkvæma slíka rannsókn hið fyrsta til að tryggja að hverskonar hagræðing í rekstri fjármálafyrirtækja skili sér til almennings í betri viðskiptakjörum.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 29. maí 2019


## **Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki**

Sérstök skattheimta á fjármálafyrirtæki var upphaflega sett á árið 2011 til að bæta ríkissjóði kostnað vegna fjármálaáfallsins sem átti sér stað fyrir rétt rúmlega áratug síðan. Sá kostnaður hefur nú verið greiddur að fullu og gott betur. Í ljósi þessa fagna Samtök atvinnulífsins áformum stjórnvalda um að lækka sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (sk. bankaskatt). SA vilja þó benda á að þrátt fyrir boðaða lækkun verður bankaskatturinn áfram langt um hærri en í þeim ríkjum sem yfirhöfuð leggja á slíkan skatt. Mikilvægt er að stjórnvöld hugi að hraðari og frekari lækkun bankaskattsins og niðurfellingu annarra sértækra skatta á fjármálafyrirtæki. Slíkar aðgerðir skila sér í bættum vaxtakjörum til heimila og fyrirtækja. Stjórnvöld geta þannig lagt sitt af mörkum til þess að styrkja starfsumhverfi fyrirtækja og auka ráðstöfunartekjur heimila; er það sér í lagi mikilvægt nú þegar efnahagsaðstæður hafa tekið miklum breytingum.

### **Sérstök skattlagning á fjármálafyrirtæki á skjön við nágrannaríkin**

Auk þeirra almennu skatta sem lagðir eru á fyrirtæki hérlendis greiða fjármálafyrirtækin bankaskatt, almennan fjársýsluskatt af launum og sérstakan fjársýsluskatt af hagnaði. Tekjurnar af þessum sérsköttum fara allar í að fjármagna almenn útgjöld ríkissjóðs en skattarnir hafa skilað að meðaltali um 15 milljörðum króna í skatttekjur á ári. Stjórnvöld boða nú lækkun bankaskatts í fjórum áföngum úr 0,376% í 0,145% á árunum 2020-2023 en engar breytingar eru boðaðar á hinum tveimur sérsköttunum.

Í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið er sérstök skattlagning á fjármálafyrirtæki borin saman við álíka skattheimtu í nágrannaríkjum okkar. Sá samanburður leiðir í ljós að sérstök skattlagning á íslenska banka er um átta sinnum hærri en í samanburðarríkjum og munar þar mestu um bankaskattinn, en hann tíðkast ekki í öllum ríkjum. Eftir að lækkun bankaskatts hefur að fullu komið til framkvæmda á árinu 2023 verður sérstök skattlagning á fjármálafyrirtæki enn rúmlega fimmfalt meiri en að meðaltali í nágrannaríkjum. Á endanum eru það viðskiptavinirnir, heimili og fyrirtæki, sem greiða sérskatta fjármálafyrirtækja í formi lakari vaxtakjara. Mikilvægt er að stjórnvöld lækki skatta á fjármálafyrirtæki enn frekar. Enginn tími er betri en nú þegar efnahagslægd er framundan.



Að mati Samtaka atvinnulífsins þarf að tryggja hóflega skattlagningu til framtíðar og heilbrigða samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Hér eru fjórar mikilvægar ábendingar hvað það varðar:

### 1. Hraðari og frekari lækkun bankaskatts er æskileg og bætir kjör heimila og fyrirtækja

Það er mikið hagsmunamál fyrir heimili og fyrirtæki að fjármálaþjónusta sé á sanngjörnum kjörum. Sérstök skattlagning á íslensk fjármálafyrirtæki er greidd af viðskiptavinum í formi lægri innlánsvaxta eða hærri útlánvaxta. Sérstakir skattar fjármálafyrirtækja, sem eru margfalt hærri en í nágrennalöndum, leiða til aukins kostnaðar til neytenda. Hraðari og frekari lækkun bankaskatts ásamt lækkun annarra sérskatta myndi bæta vaxtakjör til heimila og fyrirtækja, hvort sem er í formi lægri útlánvaxta eða hærri innlánsvaxta.


### 1. Tryggja þarf að sérstök skattheimta skerði ekki samkeppnisstöðu íslenskra banka

Mikilvægt er að hafa í huga að íslenskir bankar eru í harðri samkeppni við innlenda aðila og aðrar erlendar fjármálastofnanir og tæknifyrirtæki. Í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfi er m.a. bent á að horfa mætti í auknum mæli til annarra ríkja á

útfærslu skattlagningar með það að markmiði að skattlagningin hafi sem minnst truflandi áhrif á samkeppni. Sem dæmi er gerður greinamunur á skammtíma- og langtímaskuldum í öðrum löndum þar sem bankaskattur er lagður á. Í Bretlandi er t.a.m. helmingi lægri bankaskattur lagður á langtímaskuldir en á skammtímaskuldir. Þá er einnig bent á að innistæður eru tvískattaðar hér á landi en önnur ríki hafa tryggt að svo sé ekki. Samfara breytingum á bankaskattinum hvetja Samtök atvinnulífsins stjórnvöld til að huga að skattheimtu sem skekkir sem minnst samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja gagnvart öðrum samkeppnisaðilum.

## **2. Íþyngjandi skattheimta rýrir virði íslenskra banka sem eru í sölumeðferð**

Eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum og Íslandsbanka er samanlagt metinn á um 330 milljarða króna. Þetta eru gríðarlegir fjármunir og samsvara tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ríkissjóður leggur árlega til heilbrigðisþjónustu, rúmlega fjórfaldri þeirri fjárhæð sem rennur til málefna aldraða og rúmlega áttfaldri þeirri fjárhæð sem ríkissjóður leggur til samgöngu- og fjarskiptamála. Arðsemi bankanna af hefðbundinni starfsemi hefur farið hratt minnkandi síðustu ár og undanfarið verið umtalsvert undir arðsemiskröfu ríkisins. Of íþyngjandi skattheimta dregur enn frekar úr arðsemi bankanna, gerir íslenska banka að síður áhugaverðum kosti, og rýrir þar með virði þeirra og væntar tekjur ríkisins af sölu bankanna. Stjórnvöld áforma að selja eignarhlut sinn í ríkisbönkunum tveimur á komandi árum og er því mikilvægt að hugað sé að því fyrr en síðar hvernig skattlagningu skal háttáð á íslenska fjármálakerfið. Markmiði ætti, sem fyrr segir, að vera að tryggja hóflega skattlagningu sem er sem minnst samkeppnishamlandi.




### 3. Sérskattar á bankana ættu að renna í sérstakan sjóð í stað þess að fjármagna almenn útgjöld ríkisins

Hjá flestum þeim ríkjum sem leggja sérskatta á fjármálafyrirtæki renna tekjur af þeim í sérstakan skilasjóð til að standa straum af mögulegum kostnaði vegna fjármálastofnana ef til fjármálahruns kemur í framtíðinni. Sérskattar á íslenska banka fara hins vegar í að fjármagna almenn útgjöld ríkissjóðs. Í ljósi þess að kostnaður ríkissjóðs vegna fjármálahrunsins hefur nú verið greiddur tilbaka að fullu er mikilvægt að stjórnvöld hugi að því hvernig framtíðar fyrirkomulag sérskatta á að vera á Íslandi. Eðlilegra væri ef bankaskatturinn og aðrir sérskattar fjármálafyrirtækja myndu renna í sérstakan sjóð, í anda innistæðutryggingasjóðs, sem væri hugsaður til að bregðast við áföllum í framtíðinni og lágmarka þar með kostnað ríkissjóðs ef til falls bankanna kemur. Myndi slík breyting auka gagnsæi og vera fremur til þess fallin að tryggja sanngjarnari skattlagningu.

Mikilvægt er að hafa í huga að viðnámsþróttur bankanna hefur verið aukinn til muna og margfalt meiri kröfur eru nú gerðar um eigið fé þeirra. Þá hafa reglur verið settar sem takmarka óhóflega skuldsetningu og lausafjárreglur hertar til muna. Íslenskir bankar ættu, miðað við allar þær breytingar sem hafa verið gerðar, að vera betur í stakk

búnir til að takast á við áföll en áður. Minni líkur eru á því í dag að verulegur kostnaður falli á ríkissjóðs ef til áfalls kemur.



Virðingarfyllst,

ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

Ásdís Kristjánsdóttir  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Reykjavík, 23. maí 2019

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

**Varðar: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki nr. 155/2010**

Vísað er til óskar efnahags- og viðskiptanefndar um umsögn um ofangreint mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) fagna framlagningu frumvarpinu enda hafa þau ítrekað á undanförunum árum hvatt stjórnvöld til þess að lækka eða fella alfarið niður sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Lækkun skattsins var boðuð með ríkisfjármálaáætlun á síðasta ári. Með frumvarpinu er skatturinn lækkaður í fjórum árlegum áföngum niður í 0,145% úr 0,376%.

Miðað við núverandi skatthlutfall er skatturinn að skila um 10,7 milljörðum króna í ríkissjóð á ári. Það eru tæp 12% af rekstrarkostnaði fjármálafyrirtækja. Eftir lækkunin er að fullu komin til framkvæmda verður skatturinn að öðru óbreyttu um 4,9 milljarðar króna. Skatturinn er lagður á heildarskuldir fjármálafyrirtækja að frádregnu eigin fé og er ótekjutengdur og ekki frádráttarbær frá skatti. Þó þannig að fyrstu 50 millarða króna eru undanþegnar skatti. Skatturinn var upphaflega frádráttarbær frá tekjuskatti en það var felld niður þegar gildissvið skattsins var útvíkkað til þrotabúa gömlu bankanna árið 2013. Nú eru þrotabúin ekki lengur greiðendur skattsins og kæmi því vel til álita að heimila að skattur verði á ný frádráttarbær frá tekjuskatti. Hvetja Samtök fjármálafyrirtækja efnahags- og viðskiptanefnd til þess að íhuga hvort ekki kæmi til greina að breyta því til baka nú.

Upphaflega var skatthlutfallið 0,041%. Það var hækkað tímabundið árin 2011 og 2012 til að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu verðtryggðra húsnæðislána, og aftur hækkað árið 2013 í 0,376% til að fjármagna höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra íbúðalána sem átti að koma til framkvæmda á árunum 2014 til 2017. Við því var búist að skatthlutfallið lækkað til fyrra horfs þegar höfuðstólsleiðréttingin var fjármögnuð og komin að fullu til framkvæmda. Það var ekki gert.

Í raun virkar sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki bein viðbót við fjármagnskostnað þeirra og stuðlar að öðru óbreyttu að því að vaxtamunur banka og sparisjóða, svo dæmi sé tekið, verður hærri en ella. Það er vegna þess að hann er prósentu af heildarskuldum. Áhrif skattsins á samkeppnisstöðu lánasstofnana gagnvart lífeyrissjóðum koma meðal annars glögg fram í þeim kjörum sem þessir aðilar geta boðið neytendum á fasteignalánnum, en skatturinn og aðrar álögur á lánaþyrirtæki gera það að verkum að lífeyrissjóðir geta boðið fasteignalán með rúmlega 1,3% - 1,5% lægri vöxtum en lánastofnanir (sjá yfirlit um lánskjör fasteignalána á [herborg.is](http://herborg.is)).

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki var fyrst lagður á hér á landi á árinu 2011 með lögum frá árinu 2010, stuttu eftir fjármálahrúnið. Þá var í gangi umræða á alþjóðavettvangi um að auka skattlagningu á



fjármálafyrirtæki til að mæta þeirri áhættu sem rekstur eða rekstrartruflanir þeirra baka opinberum aðilum. Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja var ein útfærsla sem var inn í myndinni en aðrir kostir voru einnig mikið ræddir meðal annars sérstakur skattur á laun og hagnað fjármálafyrirtækja. Tiltölulega fá lönd tóku upp skatta af þessu tagi þegar til kastanna kom. Þau sem það gerðu á annað borð létu andvirði skattsins ýmist renna í ríkissjóð eða sérstakan viðbúnaðarsjóð vegna fjármálaáfalla.

Með tilskipun Evrópusambandsins (ESB) um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD) er komið á fót skilasjóðum sem ætlað er að greiða framgangi skilameðferðar á fjármálafyrirtækjum. Markmiðsstærð þeirra sjóða er 1% af þeim innstæðum sem njóta tryggingaverndar samkvæmt tilskipun ESB um innstæðutryggingar. Þau ríki innan ESB sem tekið höfðu upp skatt hliðstæðan sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki hafa breytt honum í gjald í skilasjóð, samanber framkvæmd Svía. Skynsamlegt virðist að gera slík hið sama hér á landi þegar tilskipunin um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja verður innleidd hér á landi.

Auk sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki eru lagðir á tveir aðrir sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki. Annars vegar fjársýsluskattur, 5,5% sem lagður er á launagreiðslur fjármálafyrirtækja og hins vegar sérstakur fjársýsluskattur, 6%, sem lagður á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 milljarð króna. Samtals eru þessir þrír skattar að skila ríkissjóði um 15 milljörðum króna í skatttekjur á ári. Þessi skattlagning er verulega íþyngjandi sem sést best á því skatttekjurnar samsvara um helmingi af launakostnaði bankanna sem eru aðalgreiðendur þessara skatta. Þessi gjaldtaka er margfalt það sem tíðkast í nágrannalöndum.

Þessi gjöld skekkja samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja gagnvart innlendum samkeppnisaðilum, ekki síst lífeyrissjóðum, eins og þegar hefur verið nefnt. Þá skekkja þau einnig samkeppnisstöðuna gagnvart erlendum samkeppnisaðilum. Samtök fjármálafyrirtækja leggja áherslu að samkeppnisskilyrði séu eins jöfn og verða má. Skekkja af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir, er líkleg til þess að hafa veruleg áhrif þess að hliðra lánstarfsemi til samkeppnisaðila, innlendra og erlendra, sem þessi gjöld ná ekki til. Þetta sést meðal annars í hröðum tilflutningi fasteignalána frá bönkum og sparisjóðum til lífeyrissjóða. Sterk og öflugt innlent fjármálakerfi er mikilvægur hlekkur í efnahagslegu öryggi og sjálfstæði landsins. Núverandi sérstök skattlagning hliðrar innlendra lánstarfsemi til erlendra fjármálafyrirtækja, sérstaklega þjónustu við stærstu og öflugustu fyrirtækin í landinu. Reynslan sýnir, m.a. frá 2008 að erlendir aðilar eru hvikulir í þjónustuframboði sínu þegar harðnar á dalnum.

Samandregið er afstaða SFF eftirfarandi. SFF fagnar þeim áformum sem felast í frumvarpinu. Hins vegar telja þau að þegar löggjöf um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja verður lögfest hér á landi ætti að fella skattinn niður en láta gjald í hinn nýja skilasjóð koma í hans stað. Huga ætti að því að leggja niður aðra þá tvo sérskatta sem beinast að fjármálafyrirtækjum á næstu misserum.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd Samtaka fjármálafyrirtækja



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2019

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, með síðari breytingum (skatthlutfall). (826. mál)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að veita frumvarpinu umsögn. Viðskiptaráð hefur oft á síðustu misserum vakið athygli á því að sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki (bankaskattur) sé alltof hár, mun hærri en á Norðurlöndunum og beri að lækka allverulega eða afnema.<sup>1</sup> Því er fagnaðarefni að nú skuli lækka skatthlutfall bankaskattsins í skrefum úr 0,376% af skuldum í 0,145% samkvæmt frumvarpinu. Þó ætti að ganga lengra að mati Viðskiptaráðs og lækka skattinn meira svo hann sé í takt við skattlagningu fjármálafyrirtækja í nágrannalöndunum.

Skiljanlegt er að vilji sé til að setja bönkum þrengri skorður en fyrir rúmum áratug síðan. Bankaskattur er þó ekki nauðsynlegur til þess og þær skorður hafa sannarlega verið þrengdar á fjölmörgum öðrum sviðum með hertari löggjöf, strangari eiginfjár- og lausafjárkröfum, strangara eftirliti, auknum heimildum FME, takmörkunum á lánum til tengdra aðila og svo mætti lengi áfram telja.

Eðlilegt er líka að spurt sé hvers vegna lækka eigi bankaskatt frekar en aðra skatta. Skattar eru nauðsynlegir ríkinu en óhjákvæmilega valda þeir ákveðinni röskun á skilvirkni í efnahagslífinu sem getur dregið úr verðmætasköpun og velferð. Sú röskun virðist vera einstaklega mikil í tilfelli bankaskattsins og fyrir því eru að minnsta kosti fjórar ástæður sem eru nánar raktar í umsögninni:

1. **Bankaskattur hækkar útlánavexti og rýrir ávöxtun sparnaðar heimila**
2. **Bankaskattur dregur úr samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar og hagkerfis**
3. **Bankaskattur dregur úr samkeppni sem neytendur borga á endanum**
4. **Bankaskattur rýrir ríkiseignir um tugi milljarða króna**

## **1 Bankaskattur hækkar útlánavexti og rýrir ávöxtun sparnaðar heimila**

Bankaskatturinn gerir fjármálaþjónustu dýrari en hún væri annars. Bankar varðveita innlán og aðrar skuldir, sem eru sparnaður annarra landsmanna, og veita á móti útlán til að ávaxta þessi innlán. Með því að leggja skatt á innlán og skuldir, eins og gert er í tilfelli bankaskatts er nær óhjákvæmilegt að það leiði til hærri útlánavaxta og/eða lægri innlánsvaxta. Þannig er eðli skatta og til einföldunar má líta á innlán sem aðföng eða rekstrarfjármuni banka. Verði slíkt dýrara þá setur það þrýsting á verð þjónustunnar, það er útlánavexti og önnur gjöld, líkt og í öðrum atvinnurekstri.

---


<sup>1</sup> Á þetta var t.d. bent í umsögn um Hvítbók um fjármálakerfið: <https://vi.is/malefnastarf/umsagnir/framkvaemum-framtidsvyn-um-fiarmalakerfid/>

## 2 Bankaskattur dregur úr samkeppnishæfni íslensks fjármálamarkaðar og hagkerfis

Þar sem bankaskatturinn eykur kostnað dregur hann úr samkeppnishæfni. Í umsögnum Viðskiptaráðs um nýjustu fjármálaáætlun og fjárlög, sem og alla tíð, hefur Viðskiptaráð lagt mikla áherslu á samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.<sup>2</sup> Þar skiptir samkeppnishæfni banka og fjármálafyrirtæki ekki síst máli þar sem slík fyrirtæki eru mikilvæg fyrir aðra atvinnuuppbyggingu. Því er umhugsunarefni að Ísland kemur fremur illa út í samanburði á samkeppnishæfni ríkja er það sem snýr að fjármögnun fyrirtækja og fjármálamörkuðum.

Viðskiptaráð kemur að árlegri úttekt IMD viðskiptaháskólans á samkeppnishæfni Íslands þar sem þetta kemur fram: Hátt vaxtastig, lélegt aðgengi að áhættufjármagni og mikill vaxtamunur í bönkum (sjá mynd).<sup>3</sup> Vegna þessa er sérlega mikilvægt að stjórnvöld stuðli að samkeppnishæfni fjármálakerfisins og lækki bankaskattinn sem er til þess fallið að draga úr fjármagnskostnaði heimila og fyrirtækja. Einnig verður að hafa í huga að sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki eru hér á landi margfalt hærri en í nágrennalöndum og verða það áfram þó að frumvarpið nái fram að ganga.<sup>4</sup>

### Sæti Íslands í samskeppnishæfni IMD Af 63 ríkjum árið 2019



\*Áhættufjármagn: Venture capital.

Heimildir: IMD, Viðskiptaráð Íslands.

<sup>2</sup> Umsögn um fjármálaáætlun: <https://vi.is/malefnastarf/umsagnir/ad-morgu-ad-huga-vid-fjarmalaaaetlun/>

<sup>3</sup> Úttekt á samkeppnishæfni 2019: <https://vi.is/malefnastarf/utgafa/island-upp-um-fiogur-saeti-i-samkeppnishaeefni2019>

<sup>4</sup> Hvítbók um fjármálakerfið, bls. 163: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=d4519983-fd54-11e8-942f-005056bc530c>

### 3 Bankaskattur dregur úr samkeppni sem neytendur borga á endanum

Með skertri samkeppnishæfni íslenskra banka dregur úr samkeppni sem bankarnir geta veitt – bæði innanlands og gagnvart erlendum keppinautum. Innanlands sjást auðveldlega dæmi þegar leita á að hagstæðasta íbúðaláninu. Lífeyrissjóðir bjóða oft hagstæðari lánakjör en bankarnir enda þurfa þeir ekki að greiða bankaskatt og geta því að öllu óbreyttu boðið nærri 0,4 prósentustigum lægri vexti en bankarnir. Þetta sést glöggt á samanburði húsnæðislána á vefnum Aurbjörg.is. Þar má líka sjá að lægstu vextirnir standa í reynd einungis þeim til boða sem mest hafa á milli handanna því lífeyrissjóðirnir gera flestir kröfu um hærra eiginfjárhlutfall en viðskiptabankarnir, auk þess að gera mismiklar kröfur til þess hvort lántaki þurfi að vera reglulegur greiðandi í sjóðinn eða láti nægja að hafa greitt einu sinni í sjóðinn.

Íslenskir bankar eru ennfremur í samkeppni við erlenda banka t.d. um viðskipti við útflutningsfyrirtæki. Þar að auki eru landamæri innan og milli landa sífellt að mást út í fjármálaheiminum og ný tækni að ryðja sér til rúms. Í ofanálag þýðir innleiðing PSD2 tilskipunar ESB að bankar þurfi að opna fyrir aðgengi að upplýsingum um viðskiptavini með samþykki þeirra sem þýðir að fleiri aðilar geta veitt þjónustu sem einungis viðskiptabankar hafa getað veitt hingað til.<sup>5</sup> Í þessu umhverfi dregur bankaskatturinn augljóslega úr möguleikum íslenskra banka til að taka þátt í þessum breytingum en á móti eykur hann líkur á að bankarnir verði undir við þessar breytingar. Slíkt er ennfremur kostnaðarsamt fyrir íslenska neytendur þegar upp er staðið.

### 4 Bankaskattur rýrir ríkiseignir um tugi milljarða króna

Skaðleg áhrif bankaskattsins beinlínis rýra virði bankanna og þar með ríkiseigna þar sem ríkið á meirihluta bankakerfisins og þeirra fyrirtækja sem greiða bankaskattinn. Bankaskatturinn nam t.d. 22% af hagnaði Íslandsbanka og Landsbankans eftir skatt árið 2018. Ekki þarf því mikla servíettuútreikninga til að komast að þeirri óumflýjanlegu niðurstöðu að skatturinn rýrir virði bankanna um tugi milljarða króna og þar með eignir almennings um tugi milljarða króna. Ef við gefum okkur að hlutfall bankaskatts af hagnaði verði ætíð það sama og að markaðsvirði/eigið fé (Price-to-book eða P/B) sé 0,75, eða svipað og það hefur í tilfelli Arion banka, þá rýrir bankaskatturinn virði Íslandsbanka og Landsbankans um allt að 690 milljarða króna. Það jafngildir rúmlega 190 þúsund krónum á hvern Íslending.

**Viðskiptaráð styður lækkun sérstaks skatta á fjármálafyrirtæki og leggur til að gengin verði stærri og hraðari skref þannig að skatturinn samræmist því sem gerist í nágrannalöndunum. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.**

Virðingarfyllt,



Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

---

<sup>5</sup> Grein frá McKinsey um PSD2 tilskipunina: <https://www.mckinsey.com/industries/financial-services/our-insights/psd2-taking-advantage-of-open-banking-disruption>